

Helgi Hallgrímsson (1935 -), náttúrufræðingur

Afhending 2021/14

Helgi Hallgrímsson fæddist 11. júní 1935 í Holti í Fellum og ólst upp á Arnheiðarstöðum og Droplaugarstöðum í Fljótsdal. Foreldrar hans voru Hallgrímur Helgason f. 29. ágúst 1909, d. 30. desember 1993 og Laufey Ólafsdóttir 31. maí 1912, d. 11. ágúst 2003.

Hann útskrifaðist stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1955. Eftir það nam hann líffræði, með grasfræði sem aðalgrein, við háskóla í Göttingen og Hamborg frá 1955–1963.

Helgi var kennari við Alþýðuskólann á Eiðum veturinn 1957-1958 og Menntaskólann á Akureyri frá 1959–1969. Hann var einnig forstöðumaður Náttúrugripasafnsins á Akureyri frá 1964-1987 og forstöðumaður rannsóknarstöðvarinnar Kötlu á Árskógströnd á árunum 1970-1979.

Helgi hefur fengist við margskonar rannsóknir á náttúru Íslands, aðallega vatnalífi og sveppaflóru landsins og ritað bækur um þau efni: Sveppakverið (1979) og Veröldin í vatninu (1979, 1990), auk fjölda greina í blöðum og tímaritum. Komið hafa út eftir Helga þrjár stórar bækur hin síðari ár. Árið 2005 kom út stórbókin Lagarfljót-mesta vatnsfall Íslands og árið 2010 kom út Sveppabókin, íslenskir sveppir og sveppafræði sem hlaut íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fræðibóka 2011. Árið 2016 kom svo út bókin Fljótsdæla, mannlíf og náttúruferir í Fljótsdalshreppi. Nýjust er bókin Vallastjörnur – einkennisplöntur Austurlands sem kom út árið 2017.

Helgi stofnaði og stýrði Samtökum um náttúruvernd á Norðurlandi 1969–1980 og Vísindafélagi Norðlendinga 1970–1975. Hann var einnig stofnandi og ritstjóri Týlis – tímarits um náttúrufræði og náttúruvernd 1971–1985 og í ritstjórn Glettings, tímarits um austfirsk málefni 1991–2002.

Helgi var sæmdur hinni íslensku fálkaorðu árið 2014 fyrir ritstörf og rannsóknir á íslenskri náttúru.

Helgi var giftur Kristbjörgu Gestsdóttur f. 19. október 1932, d. 1. janúar 2008.

Afhendingin barst frá Helga Hallgrímssyni sjálfum og er þetta fyrsta afhendingin sem safninu berst frá honum sem skjalamyndara þótt hann hafi áður afhent safninu gögn frá öðrum skjalamyndurum.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

28. júní 2021

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

2021 / 14

A-Helgi Hallgrímsson

A-Helgi Hallgrímsson

2019 - 2020

A	1	1	2019 - 2020	Heimildir um starfsemi Félags lærðra manna (F.L.M.), Litla lærdómslistafélagsins (L.L.L.) og Vísindafélags Norðlendinga (V.N.).
A	1	2	2020 - 2020	Vísindafélag Norðlendinga fimmtugt, drög að sögu þess.